

Mánudaginn 5. desember 1994 kl. 09:15

41. fundur Samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 37/1994

**Kvörtun Besta hf. vegna óréttmætra viðskiptahátta
Ásgeirs Ásgeirssonar**

I.

Málsatvik

1.

Með bréfi dags. 29. 6. 1994 kvartar Jón Ingvar Pálsson hdl. fyrir hönd Besta hf., yfir framleiðslu, pökkun og sölu Ásgeirs Ásgeirssonar á svo kölluðum bleiuklútum, undir firmanafninu Takk.

Kvörtunin beinist fyrst og fremst að eftirtöldum atriðum:

Að Ásgeir hafi "notað sér vitneskju úr starfi sínu hjá Burstagerðinni hf. og sem verktaki við frágang og pökkun klútanna til þess að seilast inn á viðskipta-svið Besta hf."

Að Ásgeir noti "heitið "bleiuklútar" án heimildar, enda hefur Besta hf. skapað sér viðskiptavild á markaðnum með notkun heitisins."

Að Ásgeir noti "umbúðir undir sínar framleiðsluvörur sem eru nánast eftir-líking af umbúðum Besta hf., þannig að neytendur geti ekki gert upp á milli varanna.

Umbúðir Ásgeirs Ásgeirssonar/Takk eru með sömu auðkennum og texta að öllu verulegu."

Kveður lögmaðurinn málavexti vera þá að Besta hf. hafi um tveggja ára skeið selt bleiuklúta sem pakkaðir séu í sérmerktar umbúðir sem hannaðar voru af fyrirtækinu og merktar því. Framleiðandi umbúðanna var Plastos hf. Ásgeir Ásgeirsson sem var starfsmaður Burstagerðarinnar hf., sem er í eigu sömu aðila og Besta hf. sá um frágang og pökkun klútanna sem verktaki og sá um framleiðsluna eingöngu fyrir Besta hf. og Burstagerðina hf. Sem starfsmaður Burstagerðarinnar hf. sá hann m.a. um sölu og dreifingu klútanna.

Ásgeir lét af störfum hjá Burstagerðinni hf. í maímánuði 1994 og fór þá að bera á bleiuklútum í verslunum undir merkinu Takk bleiuklútar sem Ásgeir stendur að baki. Telur lögmaðurinn umbúðirnar vera nauðalíkar umbúðum Besta h.f. og að klútarnir séu af sömu stærð.

Á þennan hátt telur lögmaður Besta h.f. Ásgeir hafa notað sér vitneskju í starfi sínu hjá Burstagerðinni og sem verktaki hjá Besta hf., til framleiðslu sinnar. Jafnframt noti hann hugtakið bleiuklútar sem Besta hf. hefur sótt um einkaleyfi á.

Gögn sem fylgdu kvörtuninni voru sýnishorn af framleiðsluvörum Besta hf og Takk.

Hinn 4. júlí 1994 var Ásgeiri Ásgeirssyni send kvörtunin til umsagnar og svar Loga Egilssonar hdl. fyrir hönd Ásgeirs er dags. 28. júlí 1994. Í svari hans mót-mælir hann umkvörtunarefni Besta h.f. Í bréfinu segir m.a.: *"Fyrir rúmunum tveimur árum hóf umbj.m. framleiðslu, sem sjálfstæður atvinnurekandi á svonefndum bleiuklútum. Að frumkvæði umbj.m. voru hannaðar umbúðir utan um bleiuklútana sem þeir voru seldir í. Var hönnunin framkvæmd á tölvu í eigu Sápugerðarinnar Frigg hf. Við framkvæmdina kom við sögu starfsmaður Sápugerðarinnar og Friðrik Ingi Friðriksson fram.kv.stj. Umbj.m. átti því hugmyndina, frumkvæðið og var eigandi þess."*

Jafnframt segir í bréfinu: *"Í stuttu máli framleiðir umj.m. klútana frá a) til ö) og notar til þess eigin tæki, vélar, hráefni og vinnuafll. Eina sem viðkemur Besta hf., er að þegar hann selur bleiuklútana fyrir þá, kemur það að sjálfsögðu fram á umbúðunum, en gerir Besta hf. ekki á neinn hátt eiganda framleiðslu utan þess sem er merkt þeim, pantað og greitt fyrir."*

Ennfremur kemur fram að Ásgeir hafi séð um öll framleiðslustig vörunnar, pantað stranga með efninu og tvinna frá íslenskum innflytjendum og hafi sniðið efnið og saumað í nefnda klúta.

Varðandi hugtakið *"bleiuklútar"* kemur fram í bréfi lögmannsins, að margir noti það hugtak í viðskiptum eins og margir nota orðin buxur og dömubindi. *"Eru þessi orð svo almenns eðlis að útilokað væri að fá einkaleyfi fyrir þeim."*

Ýmis gögn fylgdu bréfinu, m.a. reikningur frá Plastos hf. á nafn Ásgeirs, fyrir hönnunar og klisjukostnað, að fjárhæð kr. 4.400-, dags. 26. 10. 1993 og

reikningur frá Burstagerðinni fyrir litgreiningu á filmu og fyrir bleiugasefni dags. 4. 11. 1993. Fleiri reikningar fylgdu bréfinu, ásamt skattframtali og launamiðum.

Hinn 5. ágúst 1994 sendi Samkeppnisstofnun bréf til Jóns Ingvars Pálssonar hdl. og afrit þess til Loga Einarssonar hdl. þar sem tekið er fram að ekki þóttu færð nægjanleg rök fyrir kvörtuninni, þ.e. um að störf Ásgeirs hjá Burstagerðinni hf., hafi leitt til brota á 20. gr., 25., gr. eða 27. gr. samkeppnislaga og að ekki hafi verið sýnt nægilega fram á að Besta hf. hafi öðlast eignarrétt á umbúðum utan um bleiuklúta. Loks segir í álitni Samkeppnisstofnunar: *"Með vísan til framanritaðs tekur Samkeppnisstofnun, að svo stöddu, málið ekki til meðferðar."*

Hinn 24. ágúst 1994 sendir lögmaður Besta hf., Jón Ingvar Pálsson, bréf til stofnunarinnar, þar sem hann ítrekar kvartanir sínar og lætur ýmis viðbótargögn fylgja, m.a. ljósrit reikninga frá Burstagerðinni hf. til Ásgeirs Ásgeirssonar, launaseðla og innflutningsskýrslur. Þar fylgir m.a. útprentun úr tölvu umbjóðanda lögmannsins sem skv. bréfinu sýnir ferli hönnunar umbúðanna og að mati lögmannsins sanni á þann hátt að umbúðirnar hafi verið hannaðar hjá umbjóðanda hans. Hönnunin fór fram í tölvu sem var í húsakynnum Sápugerðarinnar Friggjar hf., en var í eigu Besta hf. Í bréfinu segir m.a.: *"Þá gæti Samkeppnisstofnun fengið staðfest hjá Helga Georgssyni, hönnuði, með starfsstöð hjá Ísaco hf., Gilsbúð 7, hverjir stóðu að hönnun umbúðanna og hvernig. Helgi ætti að geta staðfest að frumútlitshugmynd umbúðanna kom frá fyrirsvarsmanni umbj. míns, Friðriki Inga Friðrikssyni og var síðan unnin áfram og þróuð í vinnutíma Helga o.fl. aðila, þ.m.t. Friðriks Inga, hjá Burstagerðinni hf. og unnin í tölvukerfi umbj. míns. Ásgeir Ásgeirsson mun hafa verið einn aðila sem að málinu kom, þá í vinnutíma og á launum hjá Burstagerðinni hf."*

Um einkarétt Besta h.f. til nota á hugtakinu *"bleiuklútar"* segir lögmaðurinn að hugtakið hafi verið markaðsett samhliða firmamerkinu Besta og telur það nægjanlegt til þess að notkun þess sé óheimil öðrum á samskonar framleiðsluvörum. Jafnframt bendir hann á að Besta hafi sótt um einkaleyfi fyrir hugtakinu *"bleiuklútar"* til Einkaleyfastofunnar.

Hinn 19. september sendi Samkeppnisstofnun bréf til lögmannna aðila málsins, þar sem þeim var gefinn kostur á að koma að viðbótargögnum vegna málsins.

Svar Jóns Ingvars Pálssonar hdl. lögmanns Besta hf. er dagsett 23. september 1994 og svar Loga Egilssonar hdl., lögmanns Ásgeirs Ásgeirssonar hdl. dagsett 5. október 1994.

Í bréfi Jóns Ingvars Pálssonar hdl. er m.a. vísað til meðfylgjandi yfirlýsingar Hreggviðs Óskarssonar bifreiðastjóra dags. 22. 9. 1994, en þar segir : *"Það staðfestist hér með, að undirritaður, Hreggviður Óskarsson atvinnubílstjóri var í þjónustuakstri fyrir Frigg hf og Burstagerðina hf m.a. á árunum '91-'94. Keyrði ég á þessum tíma m.a. hráefni í bleiuklúta frá hafnarbakka heim til Ásgeirs Ásgeirssonar að Rauðási 21 Reykjavík eða heim til foreldra Ásgeirs. Kostnaður vegna þessa aksturs var alltaf greiddur af Frigg/Burstagerðinni."*

Í bréfi Loga Egilssonar hdl. vísar hann m.a. til símbréfs frá Friðriki Inga, framkvæmdastjóra Besta hf. til Ásgeirs dags. 17. maí 1994 þar sem fram kemur að ef ekki verði af áframhaldandi bleiuklútaviðskiptum, geri hann ráð fyrir að Ásgeir vilji losna við þá poka sem merktir eru Besta.

Þá segir í bréfinu að Ásgeir hafi frá upphafi ekki einungis framleitt vöruna fyrir Besta hf. og Burstagerðina hf., heldur einnig fyrir Sápugerðina Frigg hf. Á síðari misserum hafi hann framleitt vöruna fyrir fleiri aðila og þá ekki undir vörumerki Besta hf.

Þá er því mótmælt að Besta hf. hafi flutt inn sjálft klútaefnið og leyst það út. Þá segir: *"Hið rétta í málinu er það að forráðamenn Burstagerðarinnar hf., í upphafi framleiðslu umbj.m., tjáðu honum að það þyrfti innflutningsleyfi, fyrir innflutningi á klútaefni. Buðu þeir honum að klútaefnið yrði flutt inn á innflutningsleyfi Burstagerðarinnar hf., en umbj.m. var í raun hinn eiginlegi innflytjandi því hann pantaði hráefnið í gegn um Ágúst Ármann hf., frá Tékkóslóvakíu. Samkomulag þetta var gert við Böðvar Friðriksson." "Frá mars 1994 hefur umbj.m. flutt þetta inn milliliðalaust sjálfur."*

Að síðustu segir: *"Þá athugist, að það er Burstagerðin hf., sem viðskipti þessi fara í gegn um, en það fyrirtæki er ekki umkvörtunaraðili í málinu."*

Bréfinu fylgdu ýmis gögn, m.a. símbréf dags. 17.5. 1994, afgreiðsluseðlar, innflutningsskýrslur og kvittanir.

Hinn 18. október 1994 kölluðu starfsmenn Samkeppnisstofnunar Loga Egilsson hdl. á sinn fund. Mætti hann ásamt umbjóðanda sínum Ásgeiri

Ásgeirssyni.

Tilgangur fundarins var sá að kanna hvort grundvöllur væri til sátta, á grundvelli sáttatillögu sem Samkeppnisstofnun kynnti þeim. Óskuðu þeir eftir fresti til þess að taka afstöðu til sáttatillögunnar. Niðurstaðan var sú að þeim þótti tillagan óaðgengileg og skilaði lögmaðurinn viðbótargreiningargerð, sem dagsett er 25. október 1994. Þar færir lögmaðurinn m.a. rök fyrir því að tölva sú sem notuð var til hönnunar plastumbúðanna, hafi verið í eigu Sápugerðarinnar Friggjar hf. þegar hönnunin fór fram.

Hinn 25. október kom Jón Ingvar Pálsson hdl. til fundar við starfsmenn Samkeppnisstofnunar. Var honum gerð grein fyrir framangreindu sáttatilboði og jafnframt afhent skýrsla Loga Egilssonar hdl. frá sama degi. Óskaði hann eftir því að fá að skila inn viðbótargreiningargerð. Er skýrsla hans dagsett 27. 10. 1994. Þar skýrir hann m.a. tengsl og samstarf fyrirtækjanna Burstagerðarinnar hf., Sápugerðarinnar Friggjar hf. og Besta hf. Þar segir að aðstandur Besta hf. séu þrír feðgar, Friðrik Hróbjartsson, Böðvar Friðriksson og Friðrik Ingi Friðriksson. Þeir séu jafnframt aðalhluthafar og eigendur Burstagerðarinnar hf. Þá segir í bréfinu: " Á vordögum árið 1991 kaupir Burstagerðin hf. rekstur Sápugerðarinnar Frigg og var rekstur þess hluti af rekstri Burstagerðarinnar hf., þ.e. fyrirtækið var rekið á kennitölu Burstagerðarinnar hf., sem deild innan Burstagerðarinnar hf.

Haustið 1991 er Sápugerðin Frigg sett undir aðra kennitölu (kennitölu félags í eigu þeirra feðga sem þá hét Heimaval hf.) og upp frá því rekið sem sjálfstætt hlutafélag undir heitinu Sápugerðin Frigg hf.

Um rekstur Besta sem hafði einnig verið deild innan Burstagerðarinnar hf. var síðan stofnað hlutafélag, Besta hf., í ársbyrjun 1993.

Eftir þessar breytingar stóðu eftir þrjú sjálfstæð hlutafélög; Burstagerðin hf., Sápugerðin Frigg hf. og Besta hf. Öll þessi hlutafélög voru í eigu og undir stjórn þeirra feðga og þeirra fjölskyldna."

Um eignaraðild tölvunnar segir í greinargerðinni: "Tölva sú sem hin umdeilda hönnun fór fram í var fengin á eignaleigusamningi hjá eignaleigufirmanu Lind, og var leigutaki þar skráður Sápugerðin Frigg hf., en tilviljun ein mun hafa ráðið því á hvert hinna þriggja fyrirtækja leigusamningurinn var skráður í upphafi. Besta hf. yfirtók síðan leigusamninginn eftir að rekstur Sápugerðarinnar Frigg hf. var seldur."

Einnig er greint frá því í bréfi Jóns Ingvars að áður nefnd tölva hafi verið notuð til hönnunar á miðum, vörulistum, auglýsingum, bílmerkingum o.fl. auglýsinga- og vörumerkjum allra þriggja áður nefndra hlutafélaga.

Bréfinu fylgja ýmis gögn sem eiga að styðja framangreind tengsl.

II

Niðurstöður

Milli fyrirtækjanna, Burstagerðarinnar hf., Gömlu sápugetarinnar hf. (Sápugetin Frigg) og Besta hf. hafa verið nán tengsl. Í stjórnnum allra fyrirtækjanna eru feðgarnir Friðrik Hróbjartsson, Böðvar Friðriksson og Friðrik Ingi Friðriksson. Prókúruumboð er í höndum a.m.k. tveggja framangreindra stjórnarmanna. Jafnframt er meirihluti fyrirtækjanna í eigu framangreindra feðga og fjölskyldna þeirra. Dagsetningar samþykktu fyrirtækjanna er hjá Burstagerðinni hf., 1. maí 1965, Gömlu sápugetarinnar hf., 6. febrúar 1984 og Besta hf., 17. desember 1992. Tengslin hafa einkennst af samstarfi á ákveðnum sviðum, svo sem í sölumennsku og stjórnun. Fyrirtækið Besta hf. varð ekki að sjálfstæðu hlutafélagi fyrr en í árslok 1992. Fram að þeim tíma var fyrirtækið rekið sem deild innan Burstagerðarinnar hf. Hönnun umbúða bleiuklútanna fór fram um mitt ár 1992 þegar Besta var deild innan Burstagerðarinnar hf. Tilgangurinn var sá að hanna umbúðir um bleiuklúta fyrir fyrirtækið Besta hf.

Tölva sú sem notuð var til hönnunar umbúðanna var notuð til ýmissa verkefna fyrir öll fyrirtækin, eftir því sem verkefnið urðu til. Þó svo tölvan hafi upphaflega verið skráð á nafn Sápugetarinnar Friggjar hf. og hún hafi verið staðsett í húsakynnum hennar, var hún keypt til þess að annast verkefni fyrir öll fyrirtækin.

Sápugetin Frigg hf., var seld, en tölvan fylgdi ekki með í kaupunum. Var tölvan þá seld Besta hf. og skráð á nafn fyrirtækisins.

Ágreiningslaust er að umbúðir Besta utanum bleiuklútana, merktar fyrirtækinu hafa verið á markaðnum um tveggja ára skeið og voru á markaðnum er Ásgeir Ásgeirsson hóf framleiðslu fyrir fyrirtæki sitt Takk.

Hönnunin var gerð af þremur aðilum, Ásgeiri Ásgeirssyni, þá starfsmanni Burstagerðarinnar hf. Friðriki Inga Friðrikssyni þáverandi framkvæmdastjóra Sápugerðarinnar, síðar framkvæmdastjóra Besta hf. og Helga Georgssyni. Hönnunin hefur verið gerð í hefðbundnum vinnutíma.

Ásgeir framleiddi klútana sem verktaki, pakkaði þeim inn í umbúðir sem framleiddar voru hjá Plastosi hf. og seldi Besta, sem þá var rekin sem deild innan Burstagerðarinnar hf. Skv. gögnum málsins hefur efni í klútana verið flutt inn í nafni Burstagerðarinnar hf. í gegnum umboðsmann, Ágúst Ármann hf.

Samvinna var um að hanna umbúðir um bleiuklúta fyrir fyrirtækið Besta hf. Af þeim sökum og með hliðsjón af framansögðu, verður að telja hönnun umbúðanna eign Besta hf., enda hefur ekki verið sýnt fram á eignarétt Ásgeirs að hönnuninni.

2.

Í 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, segir: "*Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.*"

Bleiuklútaumbúðir fyrirtækisins Takk sem Ásgeir Ásgeirsson er forsvarsmáður fyrir, eru nauðalíkar umbúðum þeim sem merktar eru fyrirtækinu Besta og verður skv. framansögðu að telja framleiðslu og notkun þeirra ekki í samræmi við 20. og 25. gr. samkeppnislaga nr 8/1993.

3.

Um einkarétt Besta hf. á notkun hugtaksins bleiuklútar telur Samkeppnisráð að hugtakið sé svo almenns eðlis að notkun Takk hf. á því brjóti ekki gegn 20. gr. eða 25. gr. samkeppnislaga.

Ekki verður séð að Ásgeir Ásgeirsson hafi vegna starfs síns hjá Burstagerðinni hf. skaðað hagsmuni kærands Besta hf. á þann hátt að 27. gr. samkeppnislaga eigi hér við. Í því sambandi skiptir máli að ekki verður séð af gögnum málsins að ósk um sérstaka leynd hafi verið sett fram af hálfu Burstagerðarinnar hf., auk þess sem allmargir aðilar komu að hönnun umbúðanna. Ásgeir Ásgeirsson gat því ekki vitað að um atvinnuleyndarmál gæti verið að ræða.

IV.

Ákvörðunarorð:

"Með vísan til 25. gr. sbr. 20. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. samkeppnislaga bannar Samkeppnisráð Ásgeiri Ásgeirssyni kt. 211163-2089 Rauðási 21 Reykjavík að nota umbúðir þær sem notaðar eru utan um bleiuklúta og merktar eru fyrirtækinu Takk. Bannið tekur gildi tveimur vikum eftir birtingu."